

JAPA1AA05

Áfangakynnig

Byrjendaáfangi í japönsku. Þessi áfangi veitir þér tækifæri til þess að læra japönsku. Þar að auki, getur áfanginn einnig veitt þér tækifæri á að læra um japanska menningu, t.d. skrautskrift (calligraphy). Áhersla áfangans er aðallega að læra að tala og hlusta, hinsvegar er mikilvægt að læra að lesa og skrifa, eftir því sem liður á önnina. Þá er gert ráð fyrir að í lok áfangans ættu þeir nemendur, sem hafa samviskulega unnið heimavinnuna sína, að geta beitt fyrir sér einföldum setningum í daglegu máli.

Skilningur

Nemendur munu læra að kynna sig, benda á hluti í töluðum orðum, lýsa degi sínum bæði í nútíð og þátíð, og einnig að lýsa hvar hlutir eru staðsettir.

Hlustum

Nemendur munu læra að hlusta og skilja einfaldar umræður eins og að kynna sig, hver á hvaða hlut, hvað fólk gerir eða gerði, og hvar hlutir eru.

Talað mál

Nemendur munu læra að tjá sig í einföldum samræðum þar sem spurt er til vegar, hvað eigi að gera, og skipuleggja atburði.

Ritun

Nemendur munu læra að skrifa og lesa í einu af japönsku skrif-kerfunum þremur, kallað Hiragana (48 stafir). Þeir munu einnig læra að skrifa tölustafi og daga í öðru af japönsku skrif-kerfunum þremur, sem heitir kanji.

Undanfari

Engar.

Lesbók /vinnubók

GENKI: An Integrated Course in Elementary Japanese [Textbook I], The Japan Times

Fæst í Bóksölu stúdenta.

En þú þarft ekki að kaupa hana, þú getur fengið ljósrit hjá mér.

Námsmat

Heimavinna	15%
Tímapróf	15%
Miðannar próf	25%
Munnlegt verkefni	15%
Lokapróf	30%